

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið
Ingimar Jóhannsson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Iceland

Garðabær, 08. júní 2011
2011050028/42-9
TB
gg/tb

Innflutningur á senegalflúru, umsögn

Vísað er er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 16. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um innflutning á lifandi senegalflúru, *Solea senegalensis*, til fiskeldis.

Í gögnum sem bárust um framangreindan innflutning eru mjög takmarkaðar upplýsingar um tegundina sjálfa þ.e. vistfræði hennar t.d. útbreiðslu, kjörhitastig o.s.frv. Lítilega er minnst kjöreldishitastig og ágætis samantekt er um hugsanlegar hættur vegna sjúkdóma. Engar upplýsingar eru um reynslu annarra þjóða af eldi tegundarinnar t.d. hvað varðar sjúkdóma eða hvort hún hefur getað dreifst víðar en áætlað var.

Af upplýsingum um tegundina má sjá að hún hefur nokkuð víðfema útbreiðslu, allt frá hitabeltinu, Senegal (10° breiddargráðu), þ.e. frá vesturströnd Afríku og upp til Frakklands, Biskajaflóa í norðri (45° breiddargráðu) og allt til Brest (47°). Náttúruleg búsvæði senegalflúrunnar eru á grunnsævi (<100m), einkum á leirbotni og hún þrífst best í ísöltu vatni, og þar með eru taldar ár og árósar. Hitapölmörk tegundarinnar til hrygningar virðast vera frá um 12° til 23°C, sem teljast allvíð þölmörk.


(http://species-identification.org/species.php?species_group=fnam&id=2006,
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0044848604005587#bib11>).


Í viðbótarupplýsingum sem bárust stofnuninni 7. júní sl. eru upplýsingar úr ólíkum áttum, sem ekki er hægt að lita á sem heildstætt áhættumat, og eru upplýsingarnar ekki afgerandi um hvort telja megi líklegt að tegundin geti þrífist í lífríki sjávar við strendur Íslands og hvaða áhrif það hugsanlega hefði ef svo færi að tegundin slippi út í náttúruna. Að mati Náttúrufræðistofnunar er eðlilegast að lagt sé fram heildstætt áhættumat um framangreinda þætti þ.e. bæði m.t.t. vistfræði tegundarinnar sjálfrar og þeirra lífvera sem geta borist með henni. Náttúrufræðistofnun tekur því ekki endanlega afstöðu til málsins fyrr en áhættumat liggur fyrir en í **5. gr.** laga nr. 54/1990 um innflutning dýra segir í 2. mgr.: *Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti*



sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunnir að hafa á lífríkið.

Virðingarfyllt


Guðmundur Guðmundsson
staðgengill forstjóra


Trausti Baldursson

